

Steingrím
sambandi?
unarstólnum
lkorn jafn-
ndal? Hef
ð pakklæci
verki séra
neðan eng-
hafði meitt
ja opinber-
m það, að
unar friem,
orri fitöku
lýrðlegustu
e var það,
opinberlega,
ni íslenzku
gmzt ein-
nbók, sem
d eigi nú
m sálma-
átt, lengri
menn. á
il samans.
var rit-
legt last
t því eins
s og ein-
ð eg viðr-
gjört er
sjái þar
ökul. Neía
svart,
og sanna
og hrak-
þekki og
upsprettu-
og þeim
þingad
gslif og
um eftir

því sem þjóðflokkur vor verður hér innlendr inn í það þjóðlíf, sem hann auðvitað smásaman á að vaxa saman við. En sem sagt það er meira vatn til á Íslandi en það. sem ófrosið er. Svo er það í náttúrufkinu og svo er það í andlegu tilliti. Þegar eg er að hugsa um andlegar vatnsveitingar heiman af Íslandi hingad yfir um, þá er eg ekki að eins að hugsa um vatnsbólín þar, sem á yfirstandanda tíma liggja auð, opin og ófrosin. Eg er líka að hugsa um hið mikla andlega vatnsmagn þar, sem nú geimist klakabundið í þjóðlífinu og þar af leiðanda er ónotað og öllum gagnslaust, á líkan hátt og hið náttúrlega vatnsmegin, sem þar er haugað saman í hinum frosnu vatnsdyngjum, er kallaðar eru jökla- ar. Eg veit það vel, að hina náttúrlegu jökla Íslands bræðir enginn mannlegr kraftur. En það, sem eg í þessu sambandi kalla andlega jökla á Íslandi, það má vissulega bræða. Af hinum mörgu ónotuðu og uppstyrdnuðu andlegu fjársjóðum Íslands má vafalaust leysa klakaböndin. Á ekki Ísland heilmikla andlega fjársjóðu, sem ekkert annað land á í eigu sinni? Á ekki Ísland miklar og merkilegar bókmenntir frá miðöldinni, síni eigin fornöld? Á ekki Ísland Eddurnar með hinum merkilegu goðasögnum úr hinu einkennilega átrúnaðarlífi allra norðr-Evrópuþjóðanna? Á ekki Ísland sínar eigin klassisku forn-sögur, er sumar hverjar fyrir utan þann sögulega fróðleik, sem þær koma með, eru svo fullar af fegrsta

skáldskap og sálarfræðislegum vís-dómi, að þær má setja við hliðina á því, sem bezt er í bókmenntum flestra annarra þjóða? Og á ekki Ísland meiri þjóðsagna-auð frá síðari öldum heldr en nokkurt annað land í heiminum? Eg leyfi mér að leggja fjarska-mikla áherzlu á íslenzku þjóðsögurnar fyrir þá sök, að í þeim felast að ætlan minni alveg óþrjótandi skáldskapar- og heimsspekis-uppsprettur. Og það er ætlan mín, að í íslenzku þjóðsögnum liggja meira af andlegum fjársjóðum heldr en í öllu öðru til samans, sem eingöngu er skapað af íslenzku þjóðlífi. Eg ætla ekki að tína til fleira einmitt af þessu tagi. En og ætla nú að spyrja? Getr nokkur í a'lvörn lítið svo á, að Íslendingar sé lútnir að ávaxta þessar sínar þjóðernislegu eignir í andans ríki svo sem verða má? Liggja þær ekki öllu heldr á yfirstandandi tíð nálega með öllu ónotaðar og óávaxtadar fyrir hið íslenzka nútíðaþjóðlíf? Meðan nálega engir Íslendingar eiga við hinar fornu bókmenntir vorar í öðrum tilgangi en þeim, að leita þar að fornum málmyndum eða til þess að skýra með þeim ýms ytri söguleg atriði, en varla neinum kemr til hugar að skyggast inn í þann andans heim, er þar er inni byrgðr, draga fram þá margbreytilegu karaktera, er þar er lýst o. s. frv., þá getr maðr vissulega sagt, að þessar bókmenntir liggja enn fyrir vorri þjóð í klakabundnum dróma. Og meðan þjóðsögur vorar liggja alveg ónotadar,